

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 44 8. febrúar 1984 um stjórn
botnfiskveiða 1984, sbr. reglugerð nr. 144/1984.

1. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. svohljóðandi:

Framangreint 10% hámark af verðmæti aflamarks samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki gilda um tilfærslu á aflamarki frá þorski yfir á aðrar tegundir, þ. e. skerðingu á þorskaflamarki vegna aukningar á aflamarki annarra tegunda.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verði 23. gr. svohljóðandi:

Sérhverjum útgerðaraðila, sem veitt hefur verið almennt veiðileyfi samkvæmt 2.—4. gr. reglugerðarinnar, og úthlutað hefur verið aflamarki samkvæmt 6.—10. gr., skal ákvarðað og úthlutað til viðbótar þorskaflamarki, sem svarar 10% þess aflamarks þorsks, sem honum hefur áður verið úthlutað. Þó skal slík úthlutun aldrei verða minni en 1 tonn þorsks á hvert það skip, sem fengið hefur áður úthlutað þorskaflamarki. Jafnframt skal sameiginlegt heildaraflamark þorsks fyrir báta undir 10 brl. samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar hækkað um 10% fyrir hvert tímabil.

Samráðsnefnd samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar skal endurskoða ákvörðun sóknarmarks einstakra skipa samkvæmt 11.—15. gr. með tilliti til hækkunar á aflamarki þorsks samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Skulu tillögur nefndarinnar lagðar til grundvallar ákvörðun ráðuneytisins um aukningu á sóknarmarki einstakra skipa.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 82 28. desember 1983. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.